

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2016  
Tilvísun: 201603041

---

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands.**

---

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 16. mars sl. þar sem Skipulagsstofnun er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu stjórnvalda um flokkun, vernd og skráningu ræktunarlands sem lögð hefur verið fram á Alþingi (Þingskjal 102 — 102. mál).

Stofnunin vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

**Landsskipulagsstefna 2015-226**

Alþingi samþykkti 16. mars sl. tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026, sbr. nr. 19/145, en með henni er í fyrsta sinn sett fram heildstæð stefna á landsvísu um þróun byggðar og ráðstöfun lands til nýtingar og verndar. Landsskipulagsstefnan markar stefnu um fjögur viðfangsefni sem eru skipulag á miðhálandi Íslands, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf og strandsvæðum.

Vakin er athygli á markmiði Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um skipulag í dreifbýli sem tekur m.a. á nýtingu landbúnaðarlands og er svohljóðandi:

**„2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands.**

Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

*Skipulagsgerð sveitarfélaga:*

**2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands.**

Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og

vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland.

Önnur verkefni stjórnvalda:

### 2.3.2 Flokkun landbúnaðarlands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samstarfi við Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Bændasamtök Íslands, standi fyrir gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands til nota við skipulagsgerð og aðra stefnumótun um landnýtingu.“

Sveitarfélög marka stefnu í aðalskipulagi um landnotkun alls lands innan marka sveitarfélagsins. Stefna landsskipulagsstefnu um nýtingu landbúnaðarlands útheimtir nánari stefnumörkun í aðalskipulagi heldur en hefur almennt tíðkast. Gert er ráð fyrir að landsskipulagsstefnu verði jafnframt fylgt eftir með gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands sem mun nýtast við skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra stefnumótun á landsvísu. Með tilkomu leiðbeininga og innleiðingu starfræns skipulags verða í framtíðinni til mikilvægar upplýsingar, í gegnum skipulagsgerð, um umfang og nýtingu landbúnaðarlands.

Stofnunin vill einnig benda á að á nýliðnu Búnaðarþingi var samþykkt ályktun um að unnið verði að viðmiðunarreglum um hvað teljist gott ræktunarland. Þar er farið fram á að Skipulagsstofnun móti þær reglur í samvinnu við þar til bæra aðila.

Skipulagsstofnun vill annars vegar undirstrika að í landsskipulagsstefnu liggur fyrir stefna stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og fyrirhugað verkefni um gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands. Stofnunin telur að sú stefnumótun sem áformuð er í tillögunni og skráning landupplýsinga um ræktunarland geti að verulegu leyti átt sér stað í gegnum landsskipulagsstefnu og skipulagsgerð sveitarfélaga. Hins vegar fagnar stofnunin þeim áherslum sem koma fram í tillögunni um vernd ræktunarlands og vísar í því sambandi til skýrslu starfshóps sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði 2013 vegna skipulags landnotkunar í dreifbýli (sbr. skýrslu starfshópsins „[Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting. Lokaskýrsla, ágúst 2015](#)“).

## Ábendingar

Þá vill stofnunin benda á að í greinargerð með tillögunni er vísað í tillögu Skipulagsstofnunar að landsskipulagsstefnu 2013-2024 sem ekki var afgreidd á Alþingi.

  
Einar Jónsson